

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



6. nóvember 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-202/2022 í samráðsgátt stjórnvalda

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum

Með ofangreindu frumvarpi er ætlunin að veita sveitarfélögum heimild til að gera kröfu um að allt að 25% af byggingarmagni samkvæmt nýju deiliskipulagi fyrir tilgreint svæði skuli vera fyrir hagkvæmar íbúðir, leiguíbúðir eða aðrar íbúðir sem njóta stuðnings ríkis og/eða sveitarfélaga, hvort sem eigandi lands er sveitarfélag, ríki eða einkaaðili.

Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi því að sveitarfélögum verði veitt heimild sem þessi. Aftur á móti vaknar sú spurning hver sé tilgangurinn með því að setja hámarkið 25% á hlutfall slíkra íbúða á tilgreindum svæðum? Af hverju ættu sveitarfélög ekki að hafa heimild til að hafa þetta hlutfall hærra, til dæmis ef mikill skortur er á slíku húsnæði? Sveitarfélögunum hlýtur að vera einna best treystandi til að veða slíkt og meta sjálf eftir aðstæðum hvers þeirra fyrir sig.

Að auki má benda á að orðalagið “hagkvæmar íbúðir” er fyrir löngu síðan hætt að hafa raunhæfa merkingu. Fyrir nokkrum misserum síðan voru svokölluð hlutdeildarlán kynnt til sögunnar sem lausn á vanda ungs og tekjulágs fólks sem á erfitt með að komast inn á húsnæðismarkaðinn. Úrræðið var skilyrt við hámark á kaupverði og tekjum kaupanda, sem voru ákveðin með reglugerð í nóvember 2020. Síðan þá hefur vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 40% og launavísitala um 15%, án þess að fjárhæðamörkin hafi haldið í við þá þróun. Fyrir vikið eru nánast engar íbúðir til sölu í Reykjavík og nágrenni sem falla undir skilyrðin. Augljóslega þarf að endurskoða þetta fyrirkomulag ásamt því að mynda skynsamlegra umhverfi fyrir húsnæðismál almennt.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is